



Fundargerð

441. fundur í sveitarstjórn Skaftárhrepps, haldinn í Kirkjuhvoli, Kirkjubæjarklaustri miðvikudaginn 4.mars kl. 17:00. Þetta er 3. fundur ársins.

Fundargerð er tölvuskrað af Jóni Hrafn og er 3 blaðsíður.

Fundurinn er hljóðritaður og verður hljóðritun geymd í tölvukerfi sveitarfélagsins.

Eva Björk Harðardóttir oddviti býður fundarmenn og áheyrendur velkomna.

Heiða Guðný Ásgeirsdóttir boðar forföll og í hennar stað er mætt Jóna Björk Jónsdóttir, fyrsti varamaður Z lista. Katrín Gunnarsdóttir boðar forföll og í hennar stað er mættur Jón Hrafn Karlsson, fyrsti varamaður D lista.

Mættir eru undirritaðir sveitarstjórnarmenn.

Oddviti óskar eftir viðbót við dagskrá, við málefnskrá bætist;

II. Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu:

8. Fundargerð Eldvilja

IV. Annað kynningarefni

6. Frumvarp – Bandormur. – færast undir annað kynningarefni sem dagskrárliður 1.
7. Alþingi mál 323 umsögn. – færast undir annað kynningarefni sem dagskrárliður 2.

Dagskrárbreyting samþykkt.

Sveitarstjóri og oddviti greina frá gangi mála frá síðasta sveitarstjórnarfundum

Smári Sigurbjörnsson hefur tekið við málefnum ljósleiðara fyrir sveitarfélagið. Fyrirhugaðri kynnisferð sveitarstjórnarmanna af Suðurlandi til Danmerkur hefur verið frestað fram á haust.

Dagskrá

I. Fundargerðir til samþykktar

Engar fundargerðir til samþykktar.

II. Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu

1. Arionbanki, ný staða vegn nýs opnunartíma.
Meirihluti sveitarstjórnar lýsir ánægju sinni með að útibúinu verði ekki lokað. Opið verður í tvo daga í viku, þriðjudaga og miðvikudaga og stefnt að stafrænum lausnum fyrir viðskiptavini útibúsins. Z listi vill bóka. Skert þjónusta Arion banka á Kirkjubæjarklaustri er bæði skerðing á lífsgæðum íbúa og fækkun á störfum í sveitarfélaginu. Umhugsunarvert er að Arion banki hugi ekki að því að flytja verkefni á svæðið og styðj þannig við þá starfssemi sem fyrir er og haldi í það frábæra starfsfólk sem unnið hefur í bankanum.
2. Leigusamningur ÁTVR að Klausturvegi 15

Handwritten signatures and initials:
AAM
JH
BIG



Leigusamningur við ÁTVR er laus og fyrir fundi liggur tilboð um nýjan leigusamning. Sveitarstjórn samþykkir að fela sveitarstjóra að undirrita nýjan leigusamning við ÁTVR og leita eftir endurnýjuðum samningi við Milu. EBH, BG, JHK og AH samþykkja. JBJ situr hjá

3. 2003003 Skipan í vinnuhóp um stofnun Erróseturs.
Mennta- og menningarmálaráðherra hefur ákveðið að skipa starfshóp um starfsemi og uppbyggingu Erróseturs. Skaftárhreppur tilnefnir Evu Björk Harðardóttur oddvita og Bjarka Guðnason varaoddvita til að velja á milli.
4. Skýrsla KPMG- Skoðun á innra eftirliti og fjárhagskerfi.
Oddviti fer yfir helstu punkta í innra eftirliti á stjórnsýslu og bókhaldi sveitarfélagsins. Ákveðið að fela sveitarstjóra að svara athugasemdum til KPMG fyrir tilskildan frest. Sveitarstjórn fagnar góðri útkomu.
5. 2003002 Starfshópar vegna sameiningarvinnu.
Liður í vinnunni við að meta kosti og galla sameiningar sveitarfélaga verkefnisins „Sveitarfélagið Suðurland“ er að meta stöðu sveitarfélaganna, horfur í rekstri og þjónustu og líkleg áhrif sameiningar á þessa þætti. Gert er ráð fyrir að skipaðir verði starfshópar til að fjalla um tiltekna málaflokka og meta styrkleika, veikleika, ógnanir og tækifæri í viðkomandi málaflokkum. Áætlað er að í hverjum starfshópi sitji tveir til þrjú aðilar úr hverju sveitarfélagi. Hóparnir eru eftirfarandi: 1. Stjórnsýsla og fjármál, 2. Fræðslu- og félagsþjónusta, 3. Menning, frístund og lýðheilsa, 4. Samgöngu-, umhverfis- og skipulagsmál, 5. Eignir, veitur og fjárfestingar, 6. Atvinnumál og byggðapróun, 7. Aðkoma ríkisins. Oddvita er falið að koma tilnefningum til RR Ráðgjafar
6. 2003001 Vísinda og rannsóknarsjóður Suðurlands. Beiðni um styrk.
Vísinda- og rannsóknarsjóður Suðurlands hefur starfað árum saman og stutt menntun og rannsóknir á Suðurlandi. Sveitarstjórn samþykkir að gera áframhaldandi samning við Vísinda- og rannsóknarsjóð Suðurlands á sömu nótum og verið hefur undanfarin þrjú ár.
7. Corona veiran (Covid-19)
Sveitarstjóri, oddviti og varaoddviti sátu almannavarnarfund 3.mars þar sem farið var yfir viðbrögð og stöðu mála. Sveitarstjórn hvetur íbúa til að kynna sér efni um Covid 19 veiruna á heimasíðu almannavarna og landlæknisembættisins og gera það sem í þeirra valdi stendur til að forðast smit og að vera smitberar.
8. 2003004 Fundargerð Eldvilja.
Á stjórnarfundum Eldvilja ehf sem haldinn var á Kirkjubæjarstofu 27.02.2020 var ákveðið að auglýsa fasteign Eldvilja að Klausturvegi 2 til sölu. Óskað verður eftir tilboðum í eignina af fasteignasölu Fannberg. Stjórn Eldvilja ehf mun taka ákvörðun um sölu á grundvelli tilboða og hugmynda um nýtingu hússins. Núverandi leigjendum að Klausturvegi 2 verður boðin ný aðstaða á Klausturvegi 4, en til stendur að taka aðra hæðina þar í notkun í október 2020.

*JBJ
AH
JHK
BUG*



Sveitarstjórn samþykkir fundargerð Eldvilja ehf og felur Ólafi Júlíussyni, byggingarfulltrúa að koma gögnum til fasteignasölu.

1 Fundargerðir til kynningar

Engar fundargerðir til kynningar.

IV. Annað kynningarefni

1. Frumvarp – bandormur. Kynnt.
2. Alþingi mál 323. Kynnt.

Fundargerð lesin upp og samþykkt.

Næsti fundur sveitarstjórnar áætlaður 19. mars 2020

Fundi slitið kl.

Bjarki U. Guðnason

Bjarki Guðnason

Eva Björk Harðardóttir

Eva Björk Harðardóttir

Jóna Björk Jónsdóttir

Jóna Björk Jónsdóttir

Jón Hrafn Karlsson

Jón Hrafn Karlsson

Arndís Harðardóttir

Arndís Harðardóttir